

Frestir fyrir þing Norðurlandaráðs æskunnar 2023

27-29.10.2023 í Ósló

Skráning fer fram á rafrænu eyðublaði.

Hægt er að hafa samband við skrifstofu Norðurlandaráðs æskunnar gegnum netfangið unr@pnn.fi.

Nýjustu upplýsingar um þingið er að finna á heimasíðu Norðurlandaráðs æskunnar, unginorden.fi.

26.7. – Fundarboð á þingið sent aðildarsamtökunum

- Fundarboðið inniheldur upplýsingar um:
 - o Tímasetningu og staðsetningu þingsins
 - o Tillögu að dagskrá
 - o Starfsreglur Norðurlandaráðs æskunnar
 - o Fresti fyrir skráningu, breytingar á starfsreglum, ályktanir og tilkynningar um framboð
 - o Aðildarsamtök með atkvæðisrétt

Skráning

- Skráningin skiptist á tvö tímabil þar sem gjaldið er lægra á fyrra tímabilinu.
 - o 26.7.-10.9.2023 – 250 € á einstakling
 - o 11.9.-17.9.2023 – 350 € á einstakling
- Skráning þarf að fara fram á rafrænu eyðublaði og eigi síðar en 17.9.2023. Skráning opnar síðast 26.7.2023. Krækja á skráningareyðublað verður send í tölvupósti til aðildarsamtakanna þegar skráning opnar.

27.8 – Skráning nýrra regnhlífarsamtaka

- Tilkynna þarf ný regnhlífarsamtök á skrifstofu Norðurlandaráðs æskunnar eigi síðar en tveimur mánuðum fyrir þing.

27.9 – Ályktanir og breytingar á starfsreglum til skrifstofunnar

- **Ályktanir** þurfa að berast skrifstofu Norðurlandaráðs æskunnar á rafrænu eyðublaði, sem er sent út um leið og krækja á þingskráningu, eigi síðar en fjórum vikum fyrir þingsetningu, 29.9.2023, til þess að þær verði afgreiddar sjálfkrafa á þinginu.
- Aðildarsamtök eru beðin að skila ályktunum eins fljótt og unnt er til þess að hægt verði að tryggja þýðingu á þeim.
- Ályktunartillögur sem berast í tæka tíð með þýðingum verða sendar þingfulltrúum eigi síðar en 13.10.2023.

- Hugsanlegar **breytingar á starfsreglum** þurfa að berast skrifstofu Norðurlandaráðs æskunnar á netfangið unr@pnn.fi eigi síðar en 29.9.2023.
- Breytingartillögur sem berast verða sendar ásamt þýðingum til aðildarsamtakanna eigi síðar en 13.10.2023.

29.9.2023 – Umboð

- Umboð fyrir opinbera þingfulltrúa þurfa að berast skrifstofu Norðurlandaráðs æskunnar. Vinsamlegast hafið samband við skrifstofu Norðurlandaráðs æskunnar ef þið getið ekki skilað umboðinu rafrænt. Umboðið þarf að vera undirritað af formanni eða framkvæmdastjóra aðildarsamtakanna.

6.10.2023 – Fundargerðir regnhlífarsamtaka

- Regnhlífasamtök þurfa að framvísa fundargerð af aðalfundi til að öðlast rétt til þingsetu og tilnefna fulltrúa í forsætisnefnd á næsta ári. Fundargerðirnar þurfa að berast skrifstofu Norðurlandaráðs æskunnar eigi síðar en þremur vikum fyrir þing.

13.10.2023 – Ályktanir og breytingar á starfsreglum til þingfulltrúa

- Ályktanir og breytingar á starfsreglum verða sendar ásamt þýðingum til þingfulltrúa 13.10.2023. Nánari upplýsingar um staðsetningu skjalanna er að finna á heimasíðu Norðurlandaráðs æskunnar, unginorden.fi.

28.10.2023 – Tilkynning um framboð til forsætisnefndar og embættis forseta

- Frambjóðendur til embættis forseta skulu tilkynna framboð sitt skriflega til fundarstjóra þingsins eigi síðar en laugardaginn 28.10.2023 kl. 17.00. Sami frestur gildir fyrir regnhlífarsamtökin til að senda inn nöfn á fulltrúa sínum og varafulltrúa í forsætisnefnd á komandi ári. Kosningar forseta og forsætisnefndar 2024 fara fram sunnudaginn 29.10.2023.